



REGLUGERÐ UM ÍSLANDESMÓT GOLFKLÚBBBA Í KARLA- OG KVENNAFLOKKI

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir sveitakeppnum í flokkum karla og kvenna.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótin og hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra. Hún skal skipa menn í mótsstjórn í samráði við viðkomandi klúbba a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður dómari í 1. og 2. deild karla og kvenna skal hafa landsdómararéttindi.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þátttökugjöld og sér sá klúbbur um innheimtu sem heldur mótið á hverjum tíma. Þátttökugjald rennur til þess klúbbs er heldur mótið. GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem mótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Þátttökutilkynningar skulu sendar GSÍ mánuði fyrir fyrsta mótsdag. Þátttökugjöld skulu greidd eigi síðar en viku fyrir fyrsta mótsdag.

Nöfn leikmanna skal tilkynna til mótsstjórnar í síðasta lagi kl. 9:00 daginn fyrir fyrsta leikdag. Hafi þátttökutilkynning ekki borist í tíma er mótsstjórn heimilt að gefa klúbbi 6 tíma frest, en að honum loknum telst sveitin hafa fyrirgert keppnisrétti sínum og leikur þá í neðstu deild að ári. Mótsstjórn er heimilt að fella niður keppni í einstökum flokkum eða deildum ef þátttökulið eru færri en þrjú.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og



keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

6. gr.

Hver klúbbur sem sendir leikmenn á mótið skal tilnefna liðsstjóra. Liðsstjóri skal gæta hagsmuna keppenda viðkomandi klúbbs og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart mótsstjórn, þó ekki umfram það sem golfreglur heimila. Liðsstjóri skal fyrir hönd viðkomandi klúbbs vera ábyrgur fyrir greiðslu þátttökugjalds.

2. Kafli

7. gr.

Sveitakeppni í 1. og 2. deild karla og 1. deild kvenna skal fara fram á 18 holu keppnisvelli. Skyllt er að keppnisvellir séu opnir til æfinga fyrir skráða keppendur í tvo síðustu daga fyrir mótið. Heimilt er mótsstjórn að takmarka æfingu við eina umferð á dag og skipuleggja rástíma ef með þarf.

8. gr.

Hver klúbbur má senda til keppni eina sveit í karla- og kvennaflokki. Sveitir skulu skipaðar allt að 8 leikmönnum í 1. deild í karla og kvennaflokki og 2. deild í karlaflokki þar sem 6 leika í hverri umferð og allt að 6 leikmönnum í öðrum deildum karla og kvenna þar sem 4 leika í hverri umferð.

Liðsstjóri má vera einn af leikmönnum liðsins. Liðsstjóri getur tilnefnt varamann í eigin forföllum. Sækja má um heimild til stjórnar GSÍ til að tveir eða fleiri klúbbar sendi sameiginlega sveit til keppni ef ekki reynist unnt að manna sveit til keppinnar. Verða skal við slíkri beiðni ef fyrir liggur að klúbbur geti ekki skipað sveit kyflinga sem allir hafa lægri forgjöf en hér segir:

Deild	Karlar	Konur
1.	5	10
2.	10	15
Aðrar	15	15

9. gr.

Mæti ekki lið, sem tilkynnt hefur þátttöku, til leiks á auglýstum tíma, hvort sem er í fyrstu eða síðari umferðum skal sveitin sæta frávísun í heild. Úrslit leikja sem hún hefur leikið fyrir í keppninni falla niður og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á úrslit mótsins, að undanskildu því að úrslit skulu standa ef öllum leikjum í riðlum er lokið.



10. gr.

Í flokkum karla og kvenna leika 8 sveitir í öllum deildum, að undanskilinni neðstu deild þar sem fjöldi liða er að lágmarki 3 en allt að 8.

Úr hverri deild karla og kvenna falla þær sveitir sem lenda í 7. og 8. sæti í næstu deild fyrir neðan. Úr neðri deildum skulu ganga upp þær sveitir sem enduðu í 1. og 2. sæti. Ef einhver sveit tilkynnir ekki þátttöku, skulu sveitir sem fallið hafa milli deilda hafa forgang fram yfir sveitir sem lentu í þriðja eða lægri sæti í deildinni fyrir neðan, þannig að 1. 2. og 3. deild karla og 1. deild kvenna verði skipaðar 8 sveitum.

Nýjar sveitir skulu leika í neðstu deildum hvors flokks. Sé fjöldi nýrra sveita það mikill að stofna þurfi nýja deild skal dregið um það hvernig sveitir raðast milli deilda og hvernig röð þeirra skuli vera innan deilda.

11. gr.

Í öllum deildum karla og kvenna, að undanskilinni neðstu deild í hvorum flokki, skal leika holukeppni þar sem liðunum er skipt í tvo riðla, A og B. Úrslit fyrra árs ræður röð sveita þannig að í A riðli keppa þau lið sem voru í sætum 1, 4, 5 og 8 og í B riðli keppa þau lið sem voru í sætum 2, 3, 6 og 7.

Í neðstu deild karla og kvenna skal skipta liðunum með eftirfarandi hætti þar sem úrslit fyrra árs ræður röð sveita.

Ef 8 lið eru skráð til þátttöku er liðunum skipt með hefðbundnum hætti, tveir riðlar A og B.

Ef 7 lið eru skráð til þátttöku er liðunum skipt í tvo riðla A og B þar sem 1, 4 og 5 keppa í A riðli og 2, 3, 6 og 7 í B riðli. Yfirseta verður í A riðli.

Ef 6 lið eða færri eru skráð til þátttöku, leika allir við alla í einum riðli.

12. gr.

Í 1. deild karla og kvenna og 2. deild karla skal leika einn fjórmenning og fjóra tvímenninga. Í öðrum deildum skal leika í hverri viðureign einn fjórmenning og tvo tvímenninga í þeirri röð.

Hver leikur gefur eitt stig. Ef leikir í riðlakeppni eru jafnir eftir 18 holur skal leik hætt og hvort lið fær hálf stig. Í útsláttarkeppni (keppni um 1. - 4. sæti) skal leika alla leiki til úrslita nema ef röð sveitanna er orðin ljós, þá teljast jafnir leikir eftir 18 holur helmingaðir.

Úrslit ráðast af fjölda þeirra stiga sem sveitir hljóta í keppninni. Sú sveit vinnur sem hlýtur flest stig. Verði sveitir jafnar að stigum ræður fjöldi unninna fjór- og tvímenninga röð. Ef enn er jafnt ræður innbyrðis leikur. Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir skal leika bráðabana um röð. Hver sveit teflir fram einu fjórmenningssliði.



13. gr.

Liðsstjóri skal tilkynna liðsskipan skriflega til mótsstjórnar eigi síðar en kl. 20:00 daginn fyrir 1. umferð. Í síðari umferðum skal tilkynningin hafa borist mótsstjórn innan 30 mín. eftir að leik viðkomandi sveitar lauk í umferðinni á undan.

14. gr.

Í 4 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

	1. umf.	2. umf.	3. umf.
1. rást.	2-3	2-4	3-4
2. rást.	1-4	1-3	1-2

Í 3 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

	1. umf.	2. umf.	3. umf.
1. rást.	2-3	2-situr yfir	3-situr yfir
2. rást.	1-situr yfir	1-3	1-2

Í 4. og 5. umferð leika tvö efstu lið hvors riðils um sæti 1-4 þannig:

4. umferð.	2. sæti A – 1. sæti B
	1. sæti A – 2. sæti B

5. umferð. Lið sem tapa í 4. umferð keppa um 3. sæti, en þau sem sigra keppa um 1. sæti.

Þau lið sem lenda í 3. og 4. sæti hvors riðils keppa um sæti 5-8 þannig:

1. Úrslit leiks liða úr riðlakeppninni standa.
2. 4. umferð. 4. sæti A – 3. sæti B
3. sæti A – 4. sæti B
3. 5. umferð. 4. sæti B – 4. sæti A
3. sæti B – 3. sæti A

Í 3 sveita riðlum fellur út ein umferð um neðri sætin.

Röðun sveitanna ræðst af röðunarreglunni í 12. gr.

15. gr.

Sigurvegarar í efstu deild hvers flokks hljóta titilinn Íslandsmeistari viðkomandi flokks. Sigursveitir öðlast rétt til þátttöku fyrir Íslands hönd í sambærilegum mótum erlendis. Tilkynna þarf GSÍ innan 10 daga frá mótslokum, hvort sveitin nýtir sér réttinn til þátttöku erlendis. Ef hún gerir það ekki færast rétturinn til þeirrar sveitar sem hafnar í öðru sæti.



16. gr.

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ.

17. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum GSÍ 12. apríl 2017.